

Ed.

733. Frumvarp

til laga um toll af póstsendingum, sem koma til Íslands frá útlöndum.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

1. gr.

Greiða skal auk venjulegs burðargjalds toll af hverjum póstbögli, sem kemur til landsins frá útlöndum, sem hér segir:

1. Af böglum, sem vega alt að $2\frac{1}{2}$ kg. (vg.) 10 aura.
2. Af böglum, sem vega yfir $2\frac{1}{2}$ kg. (vg.) að 5 kg. (vg.), 20 aura.

2. gr.

Toll þennan greiðir viðtakandi með frimerkjum um leið og hann tekur við böglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir viðtakanda böggul, líma þau á fylgibréfið og stimpla þau á venjulegan hátt.

Af póstböglum, sem eru endursendir til útlanda, skal engan toll greiða, né af prentuðum blöðum og bókum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.